

Óhróðri um eistnesku þjóðina svarað

Eftir Ask Alas

Askur Alas

Eftir Ask Alas: "En það er ósæmilegt ... að saka heilar þjóðir þess vegna um þjónkun við nazisma eða kommúnisma, einkum og sér í lagi þjóðir, sem hafa mátt þola þungar búsigfjar af völdum þessara afla."

Það veldur mér vonbrigðum, að íslenskur maður, Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, fer með óhróður um okkur Eista, að því er virðist til að koma höggi á Jón Baldvin. Vilhjálmur fullyrðir, að Eistar hafi drepið flesta gyðinga í landinu fyrir tíma þýska hernámsins árið 1941. Þetta er ósatt. Þetta er þaulrannsakað mál. Hér koma réttar upplýsingar, sem gyðingasamfélagið í Eistlandi hefur sjálft látið í té: Fyrir stríð bjuggu 4500 gyðingar í Eistlandi. Fyrir þýska hernámið 1941 flúðu 2500 (56%) gyðingar til Sovétríkjanna; 12% þeirra voru þvingaðir til herþjónustu í Rauða hernum; 10% gyðinga voru flutt nauðungarflutningum til Síberíu af NKVD (sem var undanfari KGB).

Þetta var hluti af stríðsglæpum kommúnista á þessum árum. Það er svo annað mál, að tveir alræmdustu forsprakkar NKVD, Hans Grabbe og Mihhail Pasternak, voru báðir gyðingar. Pasternak er til dæmis uppvís að því að hafa veitt forystu illvirkjahópum NKVD, sem brenndu inni tugi fjölskyldna í sveitum landsins. Alls voru 120 gyðingar í þjónustu NKVD. Til samanburðar má nefna, að 30 þúsund Eistar voru fluttir nauðungarflutningum í gúlagið og tugir þúsunda drepnir. Allt í allt er niðurstaðan sú, að um þriðjungur eistnesku þjóðarinnar varð að fórnarlömbum kommúnista og nazista á þessum árum, að meðtöldum þeim, sem flúðu land.

En sem hlutfall af heildarfjölda er það rétt, að hlutfallslega fleiri gyðingar í Eistlandi urðu fórnarlömb NKVD hryðjuverka. Sagnfræðingurinn Jaak Valge kemst að þeirri niðurstöðu, að 500 gyðingar hafi verið fluttir nauðungarflutningi til Síberíu og um 200 skotnir af NKVD. Um 900 hundruð gyðingar voru líflátnir af þýsku hernámsyfirvöldunum. Niðurstaða Valge er eftirfarandi: „Heildartala þeirra gyðinga, sem urðu fórnarlömb þýska og sovéska hernámsins er svipuð“. Það má undarlegt heita, að Wiesenthal-stofnunin og Zuroff sjálfur virðast engan áhuga hafa á vitneskju um hina sovésku stríðsglæpamenn – enginn þeirra hefur svo mikið sem verið ákærður, hvað þá dæmdur. Hins vegar hafa 86 þúsund manns verið dæmdir sem stríðsglæpamenn í þjónustu nazista.

Vilhjálmur Örn fullyrðir, að á þessu sumri hafi Eistar í byggðinni Viljandi komið saman til að fagna þýska hernáminu árið 1940. Þetta er fjarri öllum sanní. Í Viljandi minntust menn þeirra, sem höfðu látið lífið í bardögum með þýsku hersveitunum gegn Rússum. Menn verða að átta sig á því, að bæði hernámsveldin, Rússar og Þjóðverjar, neyddu Eistlendinga til herþjónustu í herjum sínum. Þýskaland hernam Eistland einu sinni, en Sovétríkin tvisvar. Við áttum engra góðra kosta vö. Sumir kusu að ganga til liðs við þá, sem þeir þá töldu vera skárri kostinn af tveimur vondum.

Það sem Eista dreymdi um, var að varðveita sjálfstæði sitt – ekki að styðja nazismann. Harmleikur okkar var auðvitað sá, að bræður voru neyddir til að berjast gegn bræðrum. Okkar fólk dó beggja vegna víglínunnar. Sú staðreynd, að við viljum heiðra minningu þeirra, á ekkert skylt við aðdáun á

nazisma. Þeir sem ekki skilja þetta, skilja einfaldlega ekki þann harmleik, sem gerðist í landi mínu á stríðsárunum.

Vilhjálmur Örn fullyrðir, að „gyðingaandúð og nazistadýrkun viðgangist enn í Eistlandi“. Þetta er ekki satt, fjarri því. Væri ekki ráð, að maðurinn kynnti sér málið betur, áður en hann kveður upp slíka dóma?

Ég minni á eftirfarandi:

- Eistland var fyrsta landið í heiminum, sem lögformlega veitti gyðingasamfélaginu menningarlegt sjálfræði árið 1925.
- Gyðingasamfélagið hefur viðurkennt þessa staðreynd með viðurkenningarskjali. Undir sovéska hernáminu var þetta menningarsjálfræði þegar í stað afnumið.
- Á tímum þýska hernámsins reyndi fjöldi Eista að bjarga gyðingafjölskyldum með því að leyna þeim á heimilum sínum og hætta þar með lífi sínu. Fræðimaðurinn Uku Masing hefur gert þessu vel skil.
- Frá árinu 2003, þremur árum áður en Sameinuðu þjóðirnar lýstu 27. janúar minningardag um helförina, hafði þessi minningardagur verið hátíðlega haldinn í Eistlandi, sem Vilhjálmur Örn vill nú uppnefna sem eins konar nazistaríki.
- Fyrir skömmu var opnuð ný sínagóga við hátíðlega athöfn í Tallinn að viðstöddum Shimon Perez, þá varaforsætisráðherra Ísraels. Áður hafði forseti Ísraels komið til að leggja hornsteininn. Hefðu þessir menn komið, ef ásakanir Vilhjálms Arnar væru sannar?
- Árið 2003 og árið 2005 báðu Arnold Ruutel, þá forseti Eistlands og Andrus Ansip, núv. forsætisráðherra, afsökunar frammi fyrir gyðingasamfélaginu á því, að meðal þeirra sem ofsóttu gyðinga og sviptu þá lífi á styrjaldarárunum, voru eistneskir ríkisborgarar.

Enginn hefur nokkru sinni beðið eistnesku þjóðina afsökunar á þeim fjöldamorðum, limlestingum og nauðungarflutningum, sem forsvarsmenn nazista og kommúnista, þeirra á meðal gyðingar eins og Grabbe og Pasternak, voru ábyrgir fyrir, og eistneska þjóðin mátti þola af þeirra völdum. Þessi grimmdarverk flokkast nú undir viðurkennd hugtök um tilraun til þjóðarmorðs. Auðvitað voru til kommúnistar og nazistar á meðal eistnesku þjóðarinnar á þessum tíma. Hvaða þjóð getur stært sig af því, að enga kommúnista eða nazista hafi verið að finna þeirra á meðal? En það er ósæmilegt – reyndar óviðurkvæmilegt með öllu – að saka heilar þjóðir þess vegna um þjónkun við nazisma eða kommúnisma, einkum og sér í lagi þjóðir, sem hafa mátt þola þungar búsigjar af völdum þessara afla.

Samskipti Eistlands og Íslands hafa verið til fyrirmyndar allt frá því að stjórnmálasamband var tekið upp að nýju. Það góða samband mun lifa af eiturrörvar eins og þær, sem Vilhjálmur Örn beinir að forystumönnum beggja þjóða. Íslendingar gerðu á orlagatímum miklu meira í okkar þágu en þeim bar nokkur skylda til. Þess vegna er eitt af höfuðtorgum höfuðborgar okkar, Tallinn, kallað Íslandstorg. Og það er þess vegna sem við vildum heiðra Ísland sérstaklega, þegar við fögnuðum 20 ára afmæli okkar endurreista sjálfstæðis.

Höfundur er blaðamaður við Eesti Ekspres í Tallinn, höfuðborg Eistlands. Hann er sonur Arvo Alas, sem var fyrsti sendiherra Eista á Íslandi. Þeir feðgar hafa báðir þýtt ýmis öndvegisverk íslenskra bókmennta á eistnesku.